





Sáttamiðlun í opinberum málum og fangelsum

Uppbyggilega réttvísi:
Hugmyndafræðin á bak við
sáttamiðlun




Fyrirmæli Ríkissaksóknara

- Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum hófst 1. október 2006 og gildir í tvö ár. Að þeim tíma liðnum verður árangur verkefnisins metinn og ákvarðað hvort úrræðið verði varanlegur hluti réttarvörslukerfisins.



Hvað er sáttamiðlun skilgreining


- Valkvæð og trúnaðarbundin aðferð sem fæst við ágreiningsmál. Þar er skipulögðu ferli beitt af einum eða fleirum óhlutdrægum sáttamönnum til að hjálpa málsaðilum að ræða saman og komast að samkomulagi um málalok sem allir málsaðilar eru sáttir við. Sáttamaðurinn, hinn óhlutdrægi þriðji maður, tekur engar ákvarðanir í málinu.



Geranda/Polanda sáttamiðlun

Skilgreining


- G/Þ sáttamiðlun er ferli þar sem polandinn fær tækifæri til að hitta gerandann í öruggum og formföstum aðstæðum. Markmiðið er ekki að gera samning heldur að ræða saman; áherslan er á að græða sárin, ábyrgð geranda og að bæta skaðann. Þar er unnið samkvæmt hugmyndafræði UPPBYGGILEGRAR RÉTTVÍSI.



Uppbyggileg réttvísi

Skilgreining á hugmyndafræði

- Uppbyggileg réttvísi er ferli þar sem allir þeir sem hafa hagsmuna að gæta og orðið hafa fyrir áhrifum af völdum afbrotsins ræða saman. Í sameiningu skilgreina þeir hver skaði, þarfir og ábyrgð málsaðila er í þeim tilgangi að græða sárin, draga úr vanlíðan og koma öllu aftur, eins og hægt er, í rétt horf (put things right). Reynt er eftir fremsta megni að bæta fyrir þann skaða sem er skeður. Leitast er við að ná sáttum í kjölfar brots, aðallega milli geranda og þolanda, en jafnframt í víðara samfélagslegu samhengi; ættingjum, vinum, vitnum, skóla, lögreglu, meðferðaraðilum, óbeinum þolendum í nærsamfélaginu o.s.frv.



G/Þ sáttamiðlun – UR

Tilgangur


- Kjarni aðferðarinnar er að bæta eða leiðrétta skaðann (put things right) eins og mögulegt er.
- Draga sem mest úr áhrifum og afleiðingum skaðans. Losa fólk undan vanlíðan.
- Fullnægja þörfum fólks eins vel, sanngjarnt og réttlátt þykir og mögulegt er. Þolendur í fyrsta sæti.
- Skilja rangindi, upplifa skömm, iðrast, biðjast afsökunar, axla ábyrgð = Setji sig í spor annarra, fyrirgefa, náða, sættast.
- Byggja fólk upp og leiða fólk aftur inn í samfélagið.
- Stuðla að almennu heilbrigði alls samfélagsins. Draga úr líkum á frekari afbrotum. Varnaðaráhrif, uppeldisáhrif, kenna lausn vandamála.



Uppbyggileg réttvísi

Gagnrýni á hefðbundið réttarkerfi

- Afbrot – skaði – þarfir = kalla á viðbrögð.
Viðbrögðin eiga að; Koma í veg fyrir-bæta fyrir-koma til móts við.
- Hver varð fyrir skaðanum og hvernig getum við bætt honum upp skaðann, ekki hver framdi brotið og hvernig á að refsa honum.
- Afbrot eru fyrst og fremst það að fólk brýtur á öðru fólki en ekki brot á lögum og reglum.
- Ríkið (ákæruvaldið) og sérfræðingar (verjandur) stela glæpnum af fólki; forræðið, mótherjar, klekkja, segja ósatt, sigra/tapa, að lokum niðurstaða en ekki sátt. „*Betri er mögur sátt en digur dómur.*”



Fangelsi og sáttamiðlun/uppbbyggilega réttvísi

- Við eigum að nota öll tækifæri til að stuðla að sátt og friði í samfélaginu. Sáttamiðlun gagnast füngum, þolendum og þeim sem að fangelsismálum koma.
- Sum ríki bjóða füngum og þolendum upp á að hittast. Þannig má draga úr skeðum skaða og vanlíðan beggja aðila, auka skilning og ábyrgð brotamanns og undirbúa hann fyrir samfélagið.



Fangelsi og sáttamiðlun/uppbbyggilega réttvísi

- Sáttamiðlun má beita til að leysa ágreining á milli fanga.
- Oft koma upp átök milli fanga og fagnavarða, þar nýtist sáttamiðlun vel.
- Fangar geta leyst óuppgert ósætti við aðstandendur áður en þeir losna úr haldi.



Fangelsi og sáttamiðlun/uppbbyggileg réttvísi

- Með úrræðum eins og sáttamiðlun kennum við föngum að þeir geta leyst vandamál án ofbeldis, ekki bara í fangelsum heldur einnig á heimilum og á vinnustöðum svo dæmi séu tekin. Uppbyggileg lausn ágreinings á einum stað yfirfæririst á aðrar aðstæður.



Markmið og tilgangur fangelsa

- Eiga að fyrirbyggja að fólk brjóti af sér aftur. En niðurstaðan sú að 3 af hverjum 4 brjóta af sér aftur.
- Eiga að vera okkur til varnaðar (og því vill fólk lengja dóma og gera vistina óþægilega) en í ljós kemur að sára fáir velta sér upp úr viðurlögum áður en glæpur er framinn.



Markmið og tilgangur fangelsa

- Eiga að koma í veg fyrir að hættulegt fólk komist aftur út í samfélagið. En samkvæmt rannsóknum er ómögulegt að spá fyrir um hver verður hættulegur og hver ekki. Hver á að fá reynslulaus eða frelsi aftur er því háð tilfinningu stjórnenda. Eina sem hægt er að gera, til að vernda samfélagið, er að hjálpa þessu fólki á meðan það er í fangelsi og leiða það inn í samfélagið með mikilli aðstoð.



Markmið og tilgangur fangelsa

- Eiga að gefa í skyn að eitthvað ápreifanlegt hafi verið gert og uppfylla hefninguþörf (réttlætisþörf) fólks. Enginn hefur ennþá grætt á því að einhver annar þjáist. Ef við viljum gera eitthvað ápreifanlegt þá leitum við leiða til að bæta skaðann og aðstoðum afbrotamenn við að komast aftur inn á beinu brautina.



Markmið og tilgangur fangelsa

- Það er nánast sama hvar borið er niður, það virðist ekki vera neinn ávinningur af því að senda fólk í fangelsi vegna afbrota þar sem einstaklingurinn á að fara aftur út í samfélagið. Vistin er ekki að skila okkur öruggari og hæfari einstaklingi. Betrun getur átt sér stað en þá er það fyrir hreina tilviljun eða kraftaverk.